

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum 2024 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands, nr. 117/2024.

1. gr.

Ákvæði 13. og 14. málslíðar A-liðar 4. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar breytast þannig að: „Almenn sérhæfð dagdvöl Múlabær, dagdvöl Reykjavík“ og „Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu Múlabær, dagdvöl Reykjavík“ falla brott. Samhliða fellur brott 7. mgr. 5. gr. ásamt fyrirsögn.

2. gr.

Gildistaka.

Auglýsing þessi sem er sett með stoð í 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, tekur gildi 1. febrúar 2024 og er gildistími sá sami og kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016, með síðari breytingum.

Sjúkratryggingum Íslands, 7. febrúar 2024.

Sigurður H. Helgason.

Júlíana H. Aspelund.

B-deild – Útgáfudagur: 22. febrúar 2024